



Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi



SVP
Samtök
verslunar og
þjónustu

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
postur@uar.is

Sent rafrænt á Samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 15. desember 2020

Efni: Umsögn um drög að breytingu á reglugerð um stjórnvaldssektir vegna brota á efnalögum, mál nr. 259/2020

Samtök atvinnulífsins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins og SVP-Samtök verslunar og þjónustu (hér eftir „**samtökin**“) vísa til máls nr. 259/2020, og birt er á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt eru til umsagnar drög að breytingu á reglugerð um stjórnvaldssektir vegna brota á efnalögum, nr. 590/2018. Fram kemur í umfjöllun í umræddri kynningu að boðaðar breytingar eru settar fram í kjölfar gildistöku laga nr. 57/2019 um breytingu á efnalögum nr. 61/2013 þar sem bættust við heimildir til álagningu stjórnvaldssekta vegna þrenns konar brota á lögnum. Er um að ræða brot gegn skyldum eldsneytisbirgja um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, brot gegn ákvæðum laganna um kröfu til að hafa vottun til að annast verkefni í tengslum við F-gös og gegn ákvæðum um markaðssetningu flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og ákvæðum um magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda. Þá er í drögnum kveðið á um fjárhæð sekta fyrir umrædd brot á ákvæðum efnalaga.

Samtökin hafa kynnt sér fyrirbyggjandi drög og óska samtökin eftir að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Fyrir það fyrsta vilja samtökin vekja athygli á að í fyrirbyggjandi drögum er m.a. kveðið á um sektir vegna vottana til að annast verkefni í tengslum við flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, sbr. a. liður 4. gr. draganna. Að gefnu tilefni benda samtökin á að sökum aðstæðna í samfélaginu vegna Covid-19 hafa námskeið til að afla slíkrar vottunar ekki verið haldin og því hefur aðilum ekki verið fært að sækja slíka vottun. Ekki er að sjá að fyrirbyggjandi drög taki tillit til þeirra aðstæðna, s.s. hvað varðar gildistöku boðaðra breytinga enda kveður gildistökuákvæði í 6. gr. á um að breytingarnar taki þá þegar gildi við birtingu reglugerðarinnar.

Þar sem ekki hefur enn komist á fræðsla vegna vottunar þá er álitamál hvort ekki væri ástæða til að tryggja framgang slíkrar vottunar og fræðslu á því sviði áður en ákvæði um brot verði útfærðar í reglugerð og þeim beitt áður en fyrir liggur hvernig framboð á fræðslu og vottun verði tryggt.

Þá benda samtökin einnig á til upplýsinga að fyrirtækjavottanir eru ekki komnar inn á námsskrá til þess bærri aðila til að taka slíka fræðslu að sér. Hins vegar þarf að huga að því hvert verð er fyrir slíka þjónustu að teknu tilliti til þess að votta þurfi ákveðinn fjölda starfsmanna innan hvers fyrirtækis. Einnig liggur ekki fyrir, hvað varðar a. lið 4. gr., hvað felst í þeirri vottun sem þar er kveðið á um, s.s. hvað vottun felur í sér hvaða aðili og hvernig skilgreint er hver hefur staðist það þekkingar- og færnismat sem þar er kveðið á um.



Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi



Samtök
verslunar og
þjónustu

Samtökin vilja einnig gera athugasemdir við það hvernig stjórnvaldssektarákvæði reglugerðardraganna eru útfærð. Samtökin eru fylgjandi skýrum lagareglum og fyrirsjáanlegri stjórnsluframkvæmd en leggja þó áherslu á að ákvörðun um álagningu stjórnvaldssekta feli ávallt í sér svigrúm til mats sem tekur mið af aðstæðum hverju sinni, bæði alvarleika brots og hugsanlegra afleiðinga. Í 1. mgr. 62. gr. efnalaga nr. 61/2013 er kveðið á heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta á einstaklinga eða lögaðila sem brjóta gegn ákvæðum laganna sem upptalin eru í ákvæðinu. Samkvæmt 2. mgr. 62. gr. skal ráðherra ákveða fjárhæð stjórnvaldssekta fyrir brot á einstökum ákvæðum laga innan þess ramma sem ákveðinn er í 4. mgr. Það ákvæði hefur að geyma hámark og lágmark sekta, annars vegar á einstaklinga og hinsvegar á lögaðila. Með vísan í umrætt ákvæði var sett reglugerð nr. 590/2018 um stjórnvaldssektir fyrir brot á efnalögum. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar getur Umhverfisstofnun lagt stjórnvaldssektir á einstaklinga eða lögaðila sem brjóta gegn þeim ákvæðum sem talin eru upp í 1. mgr. 62. gr. efnalaga, í samræmi við ákvæði laganna og reglugerðar þessarrar. Við ákvörðun sekta vegna brota á einstökum ákvæðum efnalaga skal taka tillit til ákvæða 4. og 6. mgr. 62. gr. laganna.

Í ákvæðum reglugerðarinnar er að finna fastmótaðar reglur um það hvernig sektarfjárhæðir skulu reiknaðar út en ekki veitt neitt svigrúm til mats, með vísan til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Þetta eru allt sjónarmið sem tiltekin eru í 3. mgr. 62. gr. efnalaga sem líta ber til ef fjárhæð sekta hefur ekki verið ákveðin í reglugerð. Er þannig ekkert svigrúm í umræddum reglugerðardrögum til að taka tillit til aðstæðna, ýmist til þyngingar eða mildunar. Ennfremur virðist fjárhæð sekta miðast við verðskrá þriðja aðila, þ.e. ýmist vottunaraðila, sbr. a-liður 4. gr. og birgja, sbr. b-liður 4. gr, sem verður að teljast óeðlilegt þegar beita á eins íþyngjandi ákvæðum og um ræðir.

Efni ákvæða 3. mgr. 62. gr. efnalaga grundvallast á viðurkenndum sjónarmiðum við beitingu viðurlagakennra úrræða sem eiga sterka samstöðu með meðalhófssjónarmiðum. Því hefði verið eðlilegt að sú leið yrði farin við setningu reglugerðarinnar að tilgreindar fjárhæðir yrðu hámarksfjárhæðir en heimiluð yrðu frávik til lækkunar á fjárhæðunum undir kringumstæðum sem tíundaðar eru í téðri málsgrein. Þá er óhætt að velta því upp hvort hámarks- og lágmarksfjárhæða sekta skv. 4. mgr. 62. gr. laganna sé getið með nægilega skýrum hætti í reglugerðardrögunum.

Að lokum gera samtökin athugasemdir við eftirfarandi. Í 2. gr. reglugerðardraganna er gert ráð fyrir að 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar falli brott. Ákvæðið kveður á um að stjórnvaldssektir verði ekki lagðar á einstaklinga eða lögaðila nema að undangenginni beitingu þvingunarúrræða skv. XIII. kafla efnalaga. Rökin fyrir breytingatillögunni eru m.a. þau að beiting stjórnvaldssekta og dagsekta gangi illa upp samhliða. Samtökin taka undir það en hins vegar er fjallað um fleiri þvingunarúrræði en dagsektir í XIII. kafla efnalaga. Samtökin leggja því til að ákvæði 2. mgr. 4. gr. sé breytt þannig að stjórnvaldssektir verði ekki lagðar á einstaklinga eða lögaðila nema að undangenginni beitingu þvingunarúrræða 55. gr. og 57. gr. – 60. gr. efnalaga.

Loks leggja samtökin til nýja málsgrein, svohljóðandi:

Samanlögð heildarfjárhæð stjórnvaldssektar sem lögð er á einstakling skal eigi nema lægri fjárhæð en 10.000 kr. en að hámarki 10.000.000 kr. Svofelld heildarfjárhæð stjórnvaldssektar sem lögð er á lögaðila skal eigi nema lægri fjárhæð en 25.000 kr. en að hámarki 25.000.000 kr. Að öðru leyti skulu fjárhæðir stjórnvaldssekta samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar taka lækkun m.t.t. alvarleika brots, hvað það hefur staðið



Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi



SVP


Samtök
verslunar og
þjónustu

lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða, sbr. 1. málsl. 3. mgr. 62. gr. efnalaga.

Að öðru leyti gera samtökin ekki frekari athugasemdir um fyrirbyggjandi drög að frumvarpi að svo stöddu máli. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka atvinnulífsins


Heiðrún Björk Gísladóttir

F.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi


Heiðmar Guðmundsson

F.h. Samtaka iðnaðarins


Lárus M. K. Ólafsson

F.h. Samtaka verslunar og þjónustu


Benedikt S. Benediktsson